



AUSTURLAND

EFNAHAGSUMSVIF AUSTURLANDS





Á Austurlandi búa ríflega ellefu þúsund manns í fjórum sveitarfélögum. Hér eru rekin öflug og alþjóðlega samkeppnishæf framleiðslufyrirtæki sem veita stórum hluta Austfirðinga atvinnu. Greinargerð þessi varpar ljósi á efnahagsumsvif landshlutans, m.a. með því að kanna hlutdeild Austurlands í framleiðslu og útflutningi á Íslandi.

Greinargerðin er unnin af ráðgjafafyrirtækinu Analytica með aðstoð Austurbrúar fyrir Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA). Hún byggir m.a. á upplýsingum sem Austurbrú hefur aflað frá stærri fyrirtækjum í landshlutanum en nær ekki til umsvifa minni aðila. Því er hér væntanlega um vanmat að ræða á hlutdeild Austurlands.

Það er augljóst að Austurland leggur mikið til þjóðarbúsins með tæpan einn fjórða af heildarverðmæti vöruútflutnings þrátt fyrir að þar búi innan við þrjú prósent Íslendinga.

Það er mat okkar hjá SSA að möguleikar atvinnulífsins til að skapa enn meiri verðmæti séu miklir en þá þarf hið opinbera að ráðast í öflugra innviðaupbyggingu. Við teljum það sanngirnismál að landshluti, sem leggur jafn mikið til þjóðarbúsins og raun ber vitni, njóti þess með ríkulegri hætti.

Það borgar sig að fjárfesta í Austurlandi.

Berglind Harpa Svavarsdóttir,
formaður Sambands sveitarfélaga á Austurlandi.

Útflutningur og framleiðsla

SJÁVARÚTVEGUR

Til sjávarútvegs á Austurlandi teljast m.a. fyrirtækin Ice Fish Farm (sem t.d. rekur Fiskeldi Austfjarða og Laxa fiskeldi), Loðnuvinnslan, Síldarvinnslan (þau fyrirtæki í samstæðunni sem starfrækt eru í landshlutanum), Brim (starfsemi á Vopnafirði) og Eskja. Samkvæmt rekstraryfirliti sjávarútvegs 2017-2021 eru heildartekjur sjávarútvegs á Íslandi nær eingöngu vegna sölu vara á erlendan markað (s.s. útflutningstekjur) og á það sama við um Austurland.

Forsendur og aðferð:

Til að nálgast umsvif og þ.a.l. útflutningstekjur er bæði notast við ársreikninga og upplýsinga aflað hjá fyrrgreindum fyrirtækjum. Til að reikna upphæðir yfir í íslenskar krónur er notast við meðalmiðgengi frá Seðlabanka Íslands fyrir viðeigandi ár.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands var virði útfluttra sjávarafurða að viðbættu fiskeldi (FOB virði) 398 milljarðar króna árið 2022 á landsvísu og Analytica metur það svo að þar af sé hlutur Austurlands 86,4 milljarðar.

Tafla 1. Útflutningur sjávarafurða

Útfluttar sjávarafurðir ásamt fiskeldi frá Íslandi	397,9 milljarðar kr.
Útfluttar sjávarafurðir ásamt fiskeldi frá Austurlandi	86,4 milljarðar kr.
Hlutfall útflutnings sjávarafurða á Austurlandi	21,7%

Miðað við ofangreindar forsendur má sjá að **21,7% af verðmæti útflutnings sjávarútvegs í heild sinni kemur frá Austurlandi.**

ÁL

Virði útflutts áls Alcoa Fjarðaál var 143 milljarðar króna árið 2022 samkvæmt Alcoa. Til samanburðar var virði útflutts áls frá Íslandi í heildina 403 milljarðar króna árið 2022.

Tafla 2. Útflutningur áls

Útflutt ál frá Íslandi	403 milljarðar kr.
Útflutt ál frá Alcoa Fjarðaáli	143 milljarðar kr.
Hlutfall útflutts áls sem kemur frá Austurlandi	35,5%

Á Reyðarfirði er 35,5% alls áls á Íslandi framleitt.

VÖRUÚTFLUTNINGUR

Samkvæmt Hagstofu Íslands var virði heildarútfluttra vara frá Íslandi árið 2022, 1.002 milljarðar króna og útfluttar vörur frá sjávarútvegi og álframleiðslu á Austurlandi voru 229 milljarðar króna sama ár.

Tafla 3. Útflutningur frá Austurlandi sem hluti af heildarútflutningi

Heildarútflutningur vara frá Íslandi	1.002 milljarðar kr.
Útflutningur vara frá Austurlandi	229 milljarðar kr.
Hlutfall útflutnings vara á Íslandi frá Austurlandi	23%


Samantekt og samhengi

Vel ríflega fimmtungur (21,7%) af verðmæti útfluttra sjávarafurða kemur frá Austurlandi og vel ríflega þriðjungur af álframleiðslu (35,5%), sem skilar sér í tæplega fjórðungi af heildarútflutningi Íslands. Þannig stendur einn landshluti fyrir tæplega fjórðungi útflutnings landsins.

Forsendur og aðferð:

Til að setja fyrri niðurstöður í samhengi er gagnlegt að notast við almenna mælistiku á borð við mannfjölda. Notast er við meðalmannfjölda árið 2022 (meðaltal mannfjöldatalna Hagstofunnar í ársbyrjun árin 2022 og 2023).

Mynd 1. Mannfjöldi á Íslandi og virði útflutnings á mann



Á myndinni að ofan má sjá að Austfirðingar, sem eru 2,9% af heildarmannfjölda Íslands, skapa nær fjórðung útflutningstekna (af vöruútflutningi). **Þannig má segja að hver Austfirðingur framleiði tífalt á við aðra í landinu.**

Ef við er bætt umsvifum af ferðapjónustu (sjá næstu blaðsíður) er hlutdeild Austurlands af heildargjaldeyrstekjum þjóðarbúsins 14,4% í stað 13,2%.

Ferðapjónusta

NEYSLA FERÐAMANNA

Þegar litið er til umsvifa ferðapjónustu er gagnlegt að skoða neyslu ferðamanna.

Tafla 4. Neysla ferðamanna á Íslandi

Erlendir ferðamenn	390 milljarðar kr.
Innlendir ferðamenn	245 milljarðar kr.
Heildarneysla ferðamanna	635 milljarðar kr.
Önnur neysla	11 milljarðar kr.
Heildarneysla í íslenskri ferðapjónustu	647 milljarðar kr.

Forsendur og aðferð:

Hagstofan tekur saman gögn um neyslu í ferðapjónustu á Íslandi eftir atvinnugreinum og tegund ferðamanna, þ.e. hvort um er að ræða innlenda eða erlenda ferðamenn. Þar sem ekki eru til gögn sem sýna neyslu ferðamanna skipt niður á landsvæði, þarf að áætla slíkt. Ein nálgun er að áætla að neysla ferðamanns fylgi dvalarstað hans og er því hægt að nota hlutfall gistinátta hvers landshluta til að áætla neysluna.

Tafla 5. Hlutfall gistinátta ferðamanna á Íslandi

Gistinætur á Austurlandi af öllum gistinóttum (að Íslendingum meðtöldum)	6,3%
Gistinætur útlendinga á Austurlandi af öllum gistináttum útlendinga	5,5%
Hlutfall gistinátta Íslendinga á Austurlandi af öllum gistinóttum Íslendinga	9,1%

Tafla 6. Metin umsvif ferðapjónustu á Austurlandi

Gjaldeyrstekjur Austurlands af erlendum ferðamönnum	21,3 milljarðar kr.
Tekjur á Austurlandi af íslenskum ferðamönnum	22,2 milljarðar kr.
Aðrar tekjur á Austurlandi af íslenskum ferðamönnum	0,7 milljarðar kr.
Heildarumsvif ferðapjónustunnar á Austurlandi	44,2 milljarðar kr.

Töflur 4-6 sýna neyslu ferðamanna á Íslandi og hlutfall gistinátta ólíkra tegunda ferðamanna fyrir Austurland og á Íslandi. Tafla 7 dregur saman mat Analytica á umsvifum ferðapjónustunnar á Austurlandi.


Þegar skyggst er í þessar tölur sést að Austurland sem ferðamannastaður er vinsælli hjá Íslendingum en erlendum aðilum. Fyrir því geta verið ýmsar ástæður, s.s. erfiðleikar við að komast austur (samgöngur) og að Íslendingar þekki betur hvað Austurland hefur upp á að bjóða. Þrátt fyrir að hlutdeild í gistináttum sé lág eru þónokkrar tekjur af ferðamönnum og meiri tekjur eru af íslenskum ferðamönnum en erlendum á Austurlandi.

Forsendur og aðferð:

Til að áætla tekjur Austurlands af erlendum ferðamönnum er notast við hlutfall gistinátta erlendra ferðamanna á Austurlandi af öllum gistinóttum erlendra ferðamanna héraðs margfaldað með neyslu erlendra ferðamanna á landsvísu. Svipaðri aðferð er beitt varðandi tekjur af íslenskum ferðamönnum á Austurlandi, þ.e. hlutfall gistinátta Íslendinga á Austurlandi af öllum gistináttum Íslendinga á Íslandi, er margfaldað með neyslu innlendra ferðamanna. Að lokum eru aðrar tekjur reiknaðar sem hlutfall heildargistinátta á Austurlandi af öllum gistinóttum á Íslandi, margfaldað með annarri neyslu í íslenskri ferðapjónustu.

Ef rýnt er í tölur Hagstofunnar um nýtingu á hótélherbergjum og -rúmum má sjá að hún hefur aukist á Austurlandi þegar árið 2022 er borið saman við 2019 og fyrri ár, en yfir landið allt hefur nýting þvert á móti dregist saman um 2,3%. Samanburði við árin 2020 og 2021 er sleppt til að forðast áhrif Covid-19 faraldursins og þess í stað stuðst við árið 2019 til samanburðar við árið 2022. Mynd 1 hér að neðan sýnir að nýting á Austurlandi hefur aukist frá árinu 2017.

Mynd 2. Hlutfall gistinguferðamanna á Íslandi



Óhætt virðist að fullyrða að tækifæri séu í ferðaþjónustu á Austurlandi. Líklega er þó **þörf á bættum samgöngum og innviðum** til að hægt sé að uppfylla þá möguleika og tækifæri sem eru til staðar.

Opinber störf

Fjöldi opinberra starfa getur verið einföld nálgun á umsvif ríkisins á tilteknum stað eða landsvæði. Byggðastofnun hefur um árabil tekið saman gögn um opinber störf og birt sem stöðugildi á hverju landsvæði. Þar eru störf á vegum ríkisins skilgreind með eftirfarandi hætti: „[...] stöðugildi greidd af Fjársýslunni, stöðugildi hjá opinberum hlutafélögum og stofnunum og stöðugildi hjá stofnunum sem hafa meirihluta rekstrartekna sinna af fjárlögum.“

Tafla 7. Opinber störf eftir landsvæðum

Landsvæði	Fjöldi	Hlutfall mannfjölda	Röð	Ríkisstörf m.v. mannfjölda*	Röð
Höfuðborgarsvæðið	19.058	71,8%	1	0,078	1
Suðurnes	1.327	5,0%	4	0,044	8
Vesturland	860	3,2%	5	0,050	6
Vestfirðir	480	1,8%	8	0,066	4
Norðurland vestra	536	2,0%	7	0,072	2
Norðurland eystra	2.168	8,2%	2	0,069	3
Austurland	582	2,2%	6	0,052	5
Suðurland	1.538	5,8%	3	0,046	7
Alls	26.549	100%			

*Fjöldi ríkisstarfa miðað við mannfjölda hvers landshluta (höfðatölu).

Í ofangreindri töflu er opinberum störfum skipt eftir átta landsvæðum árið 2021. Austurland er í sjötta sæti, einungis fyrir ofan Vestfirði og Norðurland vestra. Til að setja fjölda opinberra starfa í samhengi var Austurland í fimmta sæti (af átta) sé horft til höfðatölu hvers landshluta árið 2022.

LANDSVIRKJUN

Kárahjúkavirkjun á Austurlandi er stærsta vatnsaflsvirkjun landsins og leggur mikið til tekna Landsvirkjunar. **Tæplega 30% af heildarraforkusala Landsvirkjunar var til Alcoa Fjarðaáls** árið 2022 en það var um 35% af raforkusölu til stórnotenda Landsvirkjunar sama ár.

Sé reiknað með að Alcoa greiði að meðaltali 10% lægra verð en stórnotendur (38,6 USD/MWst) fást 186 milljónir USD (rúmir 25 milljarðar kr.) sem er 27% af heildarraforkusölu Landsvirkjunar og 31% af raforkusölu til stórnotenda Landsvirkjunar árið 2022.

Þessi grófa nálgun gefur til kynna hversu **stór og verulegur hluti af tekjum Landsvirkjunar skapast á Austurlandi.**

Forsendur og aðferð:

Tölur og upplýsingar eru sóttar í ársreikninga Alcoa Fjarðaáls og Landsvirkjunar fyrir árið 2022 til að reikna út hlutdeild Austurlands í tekjum Landsvirkjunar.

Til að framleiða eitt tonn af áli þarf 14.454 KWst . Framleiðsla Alcoa Fjarðaáls var 333.000 tonn árið 2022. Meðalverð til stórnotenda án flutnings var 42,9 USD/MWst sama ár. Raforkusala Landsvirkjunar nam 691 milljón USD og þar af keyptu stórnotendur orku fyrir 592 milljónir USD.

$(14,454 \text{ MWst/tonn} * 42,9 \text{ USD/MWst} * 333.000 \text{ tonn}) / 1.000.000$
= 206,5 m. USD
(tæpir 28 milljarðar kr.)

Samantekt

Austurland leggur mikið til þjóðarbúsins með tæpan fjórðung af verðmæti vöruútflutnings þrátt fyrir að þar búi innan við 3% landsmanna. **Hver Austfirðingur framleiðir tífalt að meðaltali á við aðra á landinu.** Sé litið til fjölda ríkisstarfa í landshlutanum virðast umsvif ríkisins tiltölulega lítil en sú fullyrðing og umfjöllun þarfnast þó mun dýpri greiningar. Það sem stendur upp úr er að **tækifæri eru í landshlutanum**, t.a.m. í ferðaþjónustu og áform eru um aukin umsvif í fiskeldi. Þessi aukning kann að **auka framleiðslu á Austurlandi og gjaldeyrstekjur.** Vaxandi umsvif á Austurlandi kalla á **meira vinnuafli og auka kröfur um innviði og samgöngur.** Austfirðingar hafa vakið athygli á fleiri tækifærum og nefnt að **aðgengi fyrir stórar þotur á Egilsstaðaflugvelli**, sem þegar fljúga yfir svæðið frá ýmsum heimshornum, geti opnað fyrir ýmsa möguleika, t.d. aukið útflutningsverðmæti í sjávarútvegi.